

## **Sþ.                    26. Tillaga til þingsályktunar                    [26. mál]**

um að leggja niður starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.

### **G re i n a r g e r ð .**

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.